

Kæru tónleikagestir.

Verið hjartanlega velkomin á Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri, sem í ár eru haldnir í tuttugasta sinn. Kammertónleikunum var hleypt af stokkunum að frumkvæði Eddu Erlendsdóttur píanóleikara árið 1991 og hafa þeir verið haldnir árlega síðan. Á annað hundrað tónlistarmanna, íslenskra sem erlendra, hafa komið fram á tónleikunum og má sjá nöfn þeirra á vefsíðunni www.klaustur.is. Edda Erlendsdóttir var listrænn stjórnandi tónleikanna frá upphafi þangað til undirrituð tók við árið 2006. Margir af tónleikunum í gegnum árin hafa verið teknir upp af Ríkisútvarpinu og í félagsheimilinu Kirkjuhvoli má sjá fastagesti ár eftir ár sem ekki láta Kammertónleikana fram hjá sér fara.

Tónlistarmennirnir á hátíðinni í ár eru flestir Íslendingar en margir þeirra eru búsettir erlendis, í Berlín, París og Madríd. Á Kammertónleikum á Kirkjubæjarklaustri fá listamennirnir að leiða saman hesta sína, æfa tónlistina á þessum fallega stað í vikunni á undan tónleikahelginni og leika fyrir tónleikagesti kammertónlist, sem þeir myndu kannski annars ekki hafa tækifæri til þess að takast á við saman.

Á hátíðinni í ár verður flutt kammertónlist frá ólíkum tímabilum tónlistarsögunnar, þekkt tónlist gömlu meistaranna í bland við tónlist minna þekktra tónskálda. Verk þeirra síðarnefndu hafa verið flutt í virtum tónlistarsölum víða um heim, en kannski aldrei heyrst áður á Íslandi. Það er sérstakt gleðiefni að hafa fengið hinn margverðlaunaða Daníel Bjarnason til þess að semja fyrir hátíðina nýtt verk til frumflutnings, Larkin Songs, með flytjendurna sérstaklega í huga. Þannig leggur hátíðin sitt af mörkum til þess að efla enn frekar frumsköpun okkar tíma.

Meningarmálanefnd Skaftárhrepps stendur fyrir hátíðinni og vil ég færa fyrrverandi formanni nefndarinnar, Þórunni Júlíusdóttur, kærar þakkir fyrir sérstaklega vel unnið starf síðastliðin fjögur ár. Ég hlakka til komandi samstarfs við núverandi formann nefndarinnar, Rannveigu Bjarnadóttur. Einnig vil ég þakka Guðmundi Óla Sigurgeirssyni fyrir örlátt framlag hans við allan undirbúning hátíðarinnar.

Ég vona að þið munið njóta tónlistarinnar og einstakrar náttúrufegurðar Kirkjubæjarklausturs og nágrennis.

Góða skemmtun!

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir,
listrænn stjórnandi Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri.

Efnisskrá

Föstudagur 6. ágúst 2010 kl. 20:00

Edvard Grieg (1843-1907):

Sjö ljóðræn smálög

- Arietta
- Vals
- Fiðrildi
- Klukknahtljómur
- Kvöld á háfjöllum
- Scherzo
- Liðnir dagar

Edda Erlendsdóttir, píanó

Edvard Grieg (1843-1907):

Sex ljóð eftir Ibsen, Op.25

- Spillemænd
- En Svane
- Stambogsrim
- Med en Vandlilje
- Borte!
- En Fuglewise

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, mezzósópran

Edda Erlendsdóttir, píanó

Hlé

Claude Debussy (1862-1918):

Strengjakvartett, Op. 10

1. Animé et très décidé
2. Assez vif et bien rythmé
3. Andantino, doucement expressif
4. Très modéré

Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðla

Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla

Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla

Margrét Árnadóttir, selló

Laugardagur 7. ágúst 2010 kl. 20:00

Agustín Castilla-Ávila (1974-):

Adriano

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, mezzósópran
Francisco Javier Jáuregui, gítar

Arvo Pärt (1935-):

Es sang vor langen Jahren

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, mezzósópran
Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla

Salvatore Sciarrino (1947-):

Capricci per violino

- 1. Vivace
- 2. Andante
- 3. Assai agiato
- 4. Volubile
- 5. Presto

Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðla

Hlé

Mario Castelnuovo-Tedesco (1895-1968):

Kvintett, Op. 143

- Allegro, vivo e schietto
- Andante mesto
- Allegro con spirito, alla marcia
- Finale, allegro con fuoco

Francisco Javier Jáuregui, gítar
Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla
Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðla
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla
Margrét Árnadóttir, selló

Sunnudagur 8. ágúst 2010 kl. 15:00

Francisco Javier Jáuregui (1974-):

Canciones sefarditas

- Secretos quero descubrir
- ¿Por qué llorax blanca niña?
- Nani, nani
- Yo m'enamori d'un aire

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, mezzósópran
Francisco Javier Jáuregui, gítar

Sergei Prokofiev (1891-1953):

Sónata fyrir tvær fiðlur í c-dúr, Op. 56

- Andante cantabile
- Allegro
- Commodo (quasi allegretto)
- Allegro con brio – più presto

Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðla
Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla

Hlé

Daníel Bjarnason (1979-):

Larkin Songs – FRUMFLUTNINGUR

- Talking in Bed
- Is it for now or for always
- Night-Music

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, mezzósópran
Daníel Bjarnason, píanó
Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðla
Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla
Margrét Árnadóttir, selló

Franz Joseph Haydn (1732-1809):

Konsertínó í f-dúr

- Moderato
- Adagio
- Allegro assai

Edda Erlendsdóttir, píanó
Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðla
Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla

Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla
Margrét Árnadóttir, selló

UM FLYTJENDUR.

FRANCISCO JAVIER JÁUREGUI

Sjá umfjöllun um tónskáldin bls. 15.

DANÍEL BJARNASON

Sjá umfjöllun um tónskáldin bls. 13.

EDDA ERLENDSDÓTTIR er fædd í Reykjavík. Hún stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík m.a. hjá Árna Kristjánssyni. Hún lauk þaðan einleikaraprófi 1973 en hafði ári fyrr lokið píanókennaraprófi. Hún stundaði síðan nám hjá Pierre Sancan við Tónlistarháskólann í París og lauk þaðan prófi 1978. Hún naut einnig leiðsagnar Marie-Francoise Bucquet. Hún var árið 1990 valin fulltrúi Menuhin stofnunarinnar.

Edda hefur haldið fjölmarga tónleika og tekið þátt í tónlistarhátíðum m.a. á Íslandi, Frakklandi, Skandinavíu, Englandi, Belgíu, Þýskalandi, Sviss, Ítalíu, Rússlandi, Lettlandi, Úkraínu, Bandaríkjunum og nýverið í Kína.

Hún tekur reglulega þátt í tónlistarlífinu á Íslandi m.a. hjá Kammermúsikkúbbnum, á Tíbrártónleikum í Salnum og á Listahátíð í Reykjavík. Hún tók þátt í frumflutningi á Íslandi á Brúðkaupinu eftir Stravinsky á Listahátíð árið 2002. Hún hefur oft komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og flutti píanókonert eftir Haydn undir stjórn Kurts Kopeckys í nóvember 2007.

Efnisskrár hennar spanna fyrstu verkin skrifuð fyrir fortepíanó (C.P.E. Bach) allt til samtímatónlistar (Pierre Boulez) og hafa þær vakið athygli fyrir frumleika. Hún hefur verið ötull flytjandi íslenskrar píanótónlistar erlendis og hafa íslensk tónskáld samið fyrir hana.

Edda hefur verið virkur þátttakandi í kammertónlist. Hún átti frumkvæði að árlegum Kammertónleikum á Kirkjubæjarklaustri og var listrænn stjórnandi í 15 ár. Hún er einnig meðlimur í kammerhópnum Le Grand Tango sem undir stjórn Oliviers Manoury bandoneonleikara hefur sérhæft sig í flutningi á argentískum tangó. Hún hefur átt farsælt samstarf með mörgum af fremstu tónlistarmönnum landsins og ber þar helst að nefna Bryndísi Höllu Gyldadóttur sellóleikara en diskur þeirra með verkum eftir Kodaly, Martinu, Janacek og Enescu hlaut árið 2005 Íslensku tónlistarverðlaunin.

Edda hefur gert fjölmargar upptökur bæði fyrir hljóðvarp og sjónvarp, m.a. fyrir þáttinn "Tíu fingur" sem sýndur var í Ríkissjónvarpinu í janúar 2007.

Hún hefur gefið út diska með píanóverkum eftir C.P.E. Bach, Alban Berg, Grieg, Haydn, Schubert, Schönberg og Tchaikovsky sem hlotið hafa viðurkenningu og lof gagnrýnenda. Hún hefur nýverið gefið út geisladisk með píanókonsertum eftir Haydn ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Kurts Kopeckys sem hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin nú í ár.

Edda Erlendsdóttir var þ. 17. júní sl. sæmd íslensku fálkaorðunni fyrir framlag sitt til tónlistar.

Hún er búsett í París og starfar sem prófessor í píanóleik við Tónlistarskólann í Versöllum.

ELFA RÚN KRISTINSDÓTTIR, fiðluleikari, hlaut fyrstu verðlaun í Johann Sebastian Bach tónlistarkeppninni í Leipzig 2006. Hún var valin "bjartasta vonin" á Íslensku tónlistarverðlaununum 2006 og hlaut einnig hvatningarverðlaun Evrópska menningarsjóðsins Pro Europa 2007.

Elfa Rún hefur komið fram sem einleikari m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Royal Chamber Orchestra Tokyo og Landes Jugend Orchester Sachsen í Þýskalandi með stjórnendum á borð við Roland Kluttig og Lionel Bringuier. Hún hefur leikið einleik og kammertónlist víða um Evrópu og í Bandaríkjunum og tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum, nú síðast Podium Festival Esslingen í Þýskalandi og Tónlistarhátíð unga fólksins í Kópavogi.

Elfa Rún hefur leikið með Solistenensemble Kaleidoskop í Berlín frá árinu 2006 og hefur verið konsertmeistari sveitarinnar frá 2008. Jafnframt hefur hún leikið með Kammersveitinni Ísafold frá stofnun hennar árið 2003. Elfa leikur einnig reglulega með kammersveitum á borð við Akademie für Alte Musik Berlin, Andromeda Mega Express Orchester, Ensemble Resonanz og Kammerensemble Neue Musik Berlin.

Elfa Rún útskrifaðist úr Tónlistarháskólanum í Freiburg í Þýskalandi í febrúar 2007 þar sem kennari hennar var prof. Rainer Kussmaul. Hún hefur tekið þátt í meistaranámskeiðum, þar á meðal hjá Zahkar Bron, Gérard Poulet, Antje Weithaas, Thomas Zehetmair og Artemis Kvartettnum. Elfa Rún er nú búsett í Berlín en stundar jafnframt frekara framhaldsnám hjá Carolin Widmann við Tónlistarháskólann í Leipzig.

GUÐRÚN JÓHANNA ÓLAFSDÓTTIR mezzósópransöngkona stundaði söngnám hjá Rut Magnússon í Tónlistarskólanum í Reykjavík og hjá Lauru Sarti í Guildhall School of Music and Drama í London, en þar hlaut hún meistaragráðu í söng og lauk óperudeild skólans. Hún hefur einnig sótt einkatíma í söng hjá Aliciu Nafé í Madríd. Hún hefur unnið til fjölmargra verðlauna í alþjóðlegum söngkeppnum, svo sem Kathleen Ferrier ljóðasöngsverðlaunanna í Wigmore Hall og Joaquín Rodrigo verðlaunanna í Madríd.

Guðrún hefur sungið titilhlutverkið í óperunni Stígvélaði kötturinn eftir Montsalvatge í Konunglega óperuhúsinu í Madríd. Af öðrum óperuhlutverkum sem hún hefur sungið má nefna Cenerentolu, Dorabellu, Rosinu, Prins Orlofsky, Carmen, Sesto (Mozart), Tónskáldið, Romeo og Dido (Purcell).

Guðrún hefur frumflutt ýmis tónverk eftir íslensk og erlend tónskáld, sem sum hver hafa verið samin sérstaklega fyrir hana. Hún hefur komið fram á tónleikum á Íslandi, Bretlandi, Ítalíu, Finnlandi, Svíþjóð, Færeyjum, Möltu, Lúxemborg, Belgíu, Búlgaríu, Hollandi, Rússlandi og Spáni í tónleikasölum svo sem Henry le Boeuf Hall í Bozar í Brussel, Auditorio Nacional de Música de Madrid, Teatro Real í Madrid, Glinka sal Fílharmóníunnar í St. Pétursborg og Royal Festival Hall í London. Hún hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Bachsveitinni í Skálholti, Mótettukór Hallgrímskirkju, Kór Langholtskirkju, Kammersveitinni Ísafold, Caput, Nordic Affect, Sonor Ensemble, Schola Camerata, Camerata del Prado, Sinfóníuhljómsveitum La Mancha, Albacete og Madrídardar, St Petersburg State Symphony Orchestra og Philharmonia Orchestra í London.

12 tónar hafa gefið út tvo geisladiska með söng Guðrúnar: Grieg-Schumann þar sem meðleikari er Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari og Mitt er þitt – íslensk og spænsk sönglög þar sem meðleikari er Francisco Javier Jáuregui gítarleikari. Af öðrum geisladiskum með söng Guðrúnar á má nefna Unto Us eftir John Speight, Grannmetislög eftir Hauk Tómasson, Iero Oniro eftir Sir John Tavener (Smekkleysa) og Apocrypha eftir Huga Guðmundsson (MusMap Records). Guðrún er listrænn stjórnandi Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri.

www.gudrunolafsdottir.com

www.myspace.com/gudrunolafsdottir

HELGA ÞÓRA BJÖRGVINSDÓTTIR, fiðluleikari, fæddist árið 1984. Hún stundaði nám við Tónmenntaskóla Reykjavíkur hjá Gígju Jóhannsdóttur og síðar við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Guðnýju Guðmundsdóttur og Auði Hafsteinsdóttur. Vorið 2004

útskrifaðist hún með Bachelor-gráðu frá Listaháskóla Íslands þar sem aðalkennari hennar var Guðný Guðmundsdóttir. Haustið 2004 hóf Helga Þóra nám við Listaháskólann í Berlín (Universität der Künste Berlin) hjá Isabelle Faust og lærði kammertónlist hjá Artemis kvartettinum. Í júlí 2007 þreytti Helga Þóra Diplom-próf og hlaut hæstu einkunn.

Sem einleikari hefur Helga Þóra leikið fiðlukonsert Johannes Brahms með Sinfóníuhljómsveit Íslands og tvær rhapsódíur fyrir fiðlu og hljómsveit eftir Béla Bartók með Sinfóníuhljómsveit Ungaríksins. Í janúar 2009 lék hún fiðlukonsert nr. 2 eftir Bohuslav Martinu með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það var frumflutningur þessa konserts á Íslandi.

Helga Þóra hefur verið meðlimur Kammersveitarinnar Ísafoldar frá upphafi og er meðlimur Elektra Ensemble sem var valinn Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2009. Um þessar mundir er Helga Þóra búsett í París.

MARGRÉT ÁRNADÓTTIR lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2000 undir handleiðslu Gunnars Kvaran. Hún stundaði framhaldsnám við Juilliard Tónlistarháskólann í New York þar sem aðalkennarar hennar voru Harvey Shapiro og David Soyer. Hún lauk meistaragráðu frá skólanum vorið 2006. Það sama ár voru henni veitt menningarverðlaun The American-Scandinavian Society í New York. Margrét hefur komið fram á einleiks- og kammertónleikum í Bandaríkjunum, Kína og hér heima; þar á meðal á Tíbrá, Kammermúsikklúbbum og sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns, auk þess sem hún er meðlimur í kammersveitinni Ísafold og kammerhópnum Elektra Ensemble. Margrét starfar nú sem sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Íslands.

ÞÓRUNN ÓSK MARÍNÓSDÓTTIR lauk námi frá Tónlistarháskólanum í Brussel, Belgíu árið 1996 undir handleiðslu Ervin Schiffer. Meðan á dvöl hennar í Belgíu stóð var hún meðal annars leiðandi víóluleikari í kammersveitinni Prima la Musica og seinna meðlimur í einleikarasveitinni I Fiamminghi.

Þórunn er í dag aðstoðarleiðari í víóludeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún kennir kammermúsík og víóluleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og er meðlimur í Kammersveit Reykjavíkur. Hún kemur reglulega fram bæði sem einleikari og á kammertónleikum í Reykjavík og víðar.

UM TÓNSKÁLDIN

ACHILLE-CLAUDE DEBUSSY (1862-1918)

Claude Debussy fæddist 22. ágúst 1862 í St. Germain-en-Laye nálægt París. Einhver sálræn áföll í æsku ollu honum þunglyndi og hann talaði aldrei um bernsku sína. Á fullorðinsárum gat hann ekki samið án þess að hafa uppáhalds postulínsfroskinn sinn hjá sér.

Debussy lærði píanóleik hjá madam Maute, sem hafði verið nemandi Frédéric Chopin. Hún sendi Debussy í tónlistarháskólann í París þar sem hann var árin 1872-4, nemandi César Franck, Ernest Guiraud og fleiri. Hann bjó þar hjá Nadezhda von Meck, auðugri velgerðarkonu Pyotr Ilyich Tchaikovsky, og yfirleitt lék Debussy verk eftir Tchaikovsky sem viðbót við aðrar klassískar efnisskrár. Von Meck tók Debussy líka með sér í ferðir til Feneyja, Vínarborgar og Moskvu. Í Vínarborg heyrði hann Tristan og Isolde Wagners og viðurkenni að Wagner hefði haft áhrif á hann árum saman.

Debussy vann “*Prix de Rome*” verðlaunin tvisvar, árin 1883 og 1884. Þau nægðu honum til að kosta nám sitt við “*Villa de Medici*” í Róm næstu fjögur árin. Þar kynntist hann Franz Liszt, Giuseppe Verdi og tónlist Richard Wagners sem hafði mikil áhrif á hann. Hann fór svo til Bayreuth 1888 og 1889 til að heyra meira af tónlist Wagners. Þar varð hann gagntekinn af Parsifal og fleiri verkum. Áhrif þess má sjá í notkun hans á smástigni (chromaticism) Wagners til að endurnýja eigin hljóm í verkum eins og *Cinq poèmes de Baudelaire* (1889).

Ljóð og myndir frönsku impressionistanna, sem Debussy kynntist í félagsskapnum “*Stéphane Mallarmé*”, höfðu mikil áhrif á hann. Árið 1890 samdi hann frægasta píanóverk sitt, *Suite bergamasque*, en í því er m.a. að finna *Clair de Lune*. Næstu 20 árin er hann svo afkastamestur í tónsmíðum sínum. Á þeim árum samdi hann m.a. hljómsveitarverkin *Nocturnes, La Mer, Images* (1899-1909), og hinn margslungna ballett *Jeux* (1912) sem hann samdi fyrir Rússneska ballettinn sem Sergei Diaghilev stýrði. Debussy var hugfanginn af leikriti Maeterlincks, *Pelléas et Mélisande*, sem veitti honum innblástur til að semja samnefnda

táknhlaðna tímamótaóperu sem bæði Paul Dukas og Maurice Ravel luku lofsorði á.

Debussy giftist árið 1908 söngkonunni Emmu Bardac eftir að þau höfðu eignast dótturina Claude-Emma, sem Debussy kallaði Chou-Chou. Hann samdi fyrir hana árið 1908 safn píanólaga, “*Children’s Corner Suite*”. Meistaraverk sitt fyrir píanó, *Préludes* samdi hann á árunum 1910-13 og gaf út í tveim bindum. 12 fyrstu verkin í fyrra bindinu eru tilvísanir í Frédéric Chopin, með meira ögrandi hljómunum, ekki síst í “*La cathédrale engloutie*”. Í seinna bindinu sem inniheldur 12 prelúdíur, kannaði Debussy avant-garde, með yndislega krassandi hljómunum og dulúðugu yfirbragði.

Upphaf fyrri heimsstyrjaldarinnar gerði Debussy þunglyndan auk þess sem hann veiktist af krabbameini um sama leyti, sem jók enn á þunglyndi hans. Þegar hann lést lét hann eftir sig ófullgerða óperu, balletta og tvö verk byggð á sögum Edgar Allan Poe, en þau fullgerði aðstoðarmaður hans síðar. Debussy lést 25. mars 1918 í París.

<http://www.imdb.com/name/nm0006033/bio>

AGUSTÍN CASTILLA-ÁVILA (1974-)

fæddist í Jerez de la Frontera á Spáni og þar hóf hann tónlistarnám sitt. Hann stundaði svo gítarnám við *Conservatorio Superior de Sevilla, the London College of Music og the Guildhall School of Music and Drama*, þar sem hann lauk framhaldsnámi og meistaragráðu. Við Guildhall skólann vann hann til verðlauna sem gítarleikari. Hann hefur einnig stundað nám við *Mozarteum* í Salzburg og doktorsnám við Ríkisháskólann í Arizona, þar sem hann starfaði sem aðstoðarmaður við kennslu. Þá hefur hann tekið þátt í framhaldsnámskeiðum hjá fremstu gítarleikurum okkar daga.

Agustín hefur stundað kennslu auk þess að leika bæði kammertónlist og sem einleikari, bæði einn og með hljómsveitum, víða um lönd. Hann stundaði tónsmíðanám við *Mozarteum* í Salzburg, og útskrifaðist þaðan með meistaragráðu í tónsmíðum. Hann nam einnig við Tónlistarháskólann í Lúxemburg. Auk þess hefur hann tekið þátt í fjölmörgum námskeiðum hjá ýmsum núlifandi tónskáldum.

Agustín hefur samið tónlist fyrir leikhús, kvikmyndir og kirkjur auk þess að stýra tónlistardagskrám fyrir útvarp og taka þátt í tónlistarhátíðum þar sem hann hefur ítrekað unnið til verðlauna.

Tónlist Agustíns er af ýmsum toga og fjölbreytt. Hann hefur samið einleiksverk, kammerverk, hljómsveitarverk, dansverk og tvær kammeróperur, *Adán de Eva*, sem *El Cimarron*

tónlistarhópurinn flytur reglulega, og *Quijote's Dulcinea* sem hann samdi fyrir Passau tónlistarhátíðina í Þýskalandi á þessu ári. Hann hlaut Starfslaun listamanna í Austurríki fyrir árið 2010 og vinnur um þessar mundir að nýju verki fyrir *La Sinfónica de Sevilla*.

Ýmsir þekktir hljómsveitarstjórar hafa tekið verk Agustíns til flutnings auk þess sem fjöldi verka hans hefur verið hljóðritaður og gefinn út af ORF í Austurríki og þeim útvarpað. Einnig hefur píanótónlist hans verið gefin út af Doblinger útgáfunni í Austurríki.

<http://www.amspb.org/content123> og G.J.Ó.

ARVO PÄRT (1935-)

fæddist þann 11. september 1935 í Paide í Eistlandi, litlum bæ nálægt höfuðborginni Tallinn. Þegar hann var níu ára var landið hertekið af Sovétríkjunum og var undir stjórn þeirra næstu rúmlega 50 árin. Það mun hafa haft djúpstæð áhrif á líf hans og tónlist.

Pärt hóf tónlistarnám 19 ára gamall og innritast í Tónlistarháskólann í Tallin 1957. Um svipað leyti hóf hann störf sem upptökutæknimaður hjá Eistneska útvarpinu, auk þess að skrifa tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir. Hann var því orðinn viðurkennt tónskáld þegar hann lauk námi frá Tónlistarháskól- anum árið 1963. Ári fyrir hafði hann unnið fyrstu verðlaun í samkeppni ungra tónskálda, *the All-Union Young Composers' Competition*, fyrir barnakantötuna *Our Garden*, og óratóriuna *Stride of the World*.

Pärt hafði lítinn aðgang að því sem var að gerast í nútímatónlist á Vesturlöndum vegna yfirráða Sovétríkjanna og þeirri einangrun sem henni fylgdi. Þrátt fyrir hana voru margar nýjungar nútímatónlistarinnar kynntar í Eistlandi á fyrri hluta sjöunda áratugarins og þar var Pärt í fararbroddi. Verk hans, *Nekrolog* var fyrsta eistneska verkið þar sem serialismi var nýttur. Pärt hélt áfram að þróa serialisma sinn fram á miðjan sjöunda áratuginn m.a. í fyrstu 2 sinfóníum sínum og *Perpetuum Mobile*, en þreyttist svo á ósveigjanleika hans og fór að semja tilraunakenndari tónlist, svo sem *Collage über BACH*, þar sem hann notar “klippitækni” (collage techniques).

Opinberir dómar um tónlist Pärts sveifluðust milli öfga, þar sem ákveðin verk hans voru lofuð í hástert meðan önnur, þ.m.t. *Credo* frá 1968, voru bönnuð. Það verk reyndist verða síðasta verk hans þar sem hann beitti “klippitækninni”. Eftir það hófst hið fyrsta af mörgum þagnartímabilum í tónsmíðalífi hans. Það notaði hann einnig til að kynna sér franska og fransk-flæmska kórtónlist frá 14. til 16. öld, tónlist tónskálda svo sem Machaut, Ockeghem, Obrecht og Josquin. Strax í upphafi 8. áratugarins skrifaði hann

fáein nokkurs konar millibilsverk í anda snemmevrópskrar fjölröddunar svo sem 3. *sinfóníuna* frá 1971.

Pärt sneri aftur til sjálfvalinnar þagnar í tónsmíðum, en kom svo aftur fram á hljóðbergið 1976 eftir svo róttæka umbreytingu að varla var hægt að greina að sama tónskáld og áður héldi nú um pennann. Þá tækni sem hann tileinkaði sér eða uppgötgvaði, og hefur síðan einkennt verk hans nánast án undantekninga kallar hann "*tintinnabuli*" (úr latínu, litlar bjöllur), sem hann lýsir svo: "Ég hef komist að því að það er nóg að ein nóta sé fagurlega leikin. Þessi eina nóta, eða þögult taktslag, eða augnablik þagnar veitir mér unað. Ég vinn með mjög fáa þætti – með eina rödd, tvær raddir. Ég byggi á frumstæðu efni – á þríhljómi í sömu tóntegund. Hinar þrjár nótur þríhljómsins eru eins og bjöllur og þess vegna kalla ég þetta smábjöllum (*tintinnabulation*). Smábjöllumina notar Pärt fyrst í stuttu píanóverki sínu, *Für Alina*. Eftir að hafa fundið sinn tón ruddi Pärt nú frá sér nýjum verkum. Þrjú þeirra, öll frá árinu 1977, —*Fratres, Cantus in Memoriam Benjamin Britten* og *Tabula Rasa*— eru enn meðal virtustu verka hans.

Flutningur á tónlist Pärts vestan járntjaldsins auk baráttu hans gegn yfirráðum Sovétríkjanna á ættlandi sínu varð til þess að hann neyddist að lokum til að flýja land árið 1980 ásamt konu sinni og tveimur sonum. Settust þau fyrst að í Vín, þar sem hann fékk austurrískan ríkisborgararétt. Ári síðar flutti hann svo til Vestur-Berlínar þar sem hann fékk námsstyrk og þar býr hann enn. Síðan Pärt fluttist frá Eistlandi hefur hann einbeitt sér að tónsetningu trúarlegra texta, sem hafa hlotið vinsældir meðal kóra og tónlistarhópa um allan heim.

Pärt hefur fengið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir tónsmíðar sínar og þegar hann varð sjötugur voru haldnar tónlistarhátíðir undir nafni hans í mörgum borgum Eistlands.

<http://www.arvopart.info/biography.html>

DANÍEL BJARNASON (1979-)

lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómsveitarstjórnun við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi í hvoru tveggja vorið 2003. Daníel stundaði frá 2004-2007 framhaldsnám í hljómsveitarstjórnun við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn.

Daníel vinnur jöfnum höndum sem hljómsveitarstjóri og tónskáld með ýmsum listamönnum og hljómsveitum m.a. við Íslensku óperuna og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Daníel er

einn af stofnendum kammersveitarinnar Ísafoldar og hefur verið listrænn stjórnandi og hljómsveitarstjóri hennar frá upphafi.

Árið 2008 hlaut Daníel 2. verðlaun og sérstök meðmæli Alþjóðlega Tónskáldaþingsins fyrir verk sitt “All sounds to silence come” sem var samið sérstaklega fyrir Ísafold í tengslum við Sumartónleika í Skálholti. Hann tók einnig þátt í verkefninu “Operagenesis” fyrir ung tónskáld á vegum Konunglegu Óperunnar í Covent Garden í London á árunum 2007-08. Daníel fékk tvenn verðlaun á Íslensku Tónlistarverðlaununum 2010; sem höfundur ársins og fyrir tónverk ársins. Hann hlaut einnig Menningarverðlaun DV 2010 auk þess sem verk hans, Bow to String, var tilnefnt til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs árið 2010. Daníel er á mála hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community og kom diskurinn “Processions” með verkum Daníels út í febrúar 2010. Þar má meðal annars finna píanókonsert nr. 2 “Processions” leikinn af Víkingi Heiðari Ólafssyni og Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Daníels.

EDVARD GRIEG (1843-1907)

Minning þessa mæta tónskálds mun ætíð vera tengd Noregi og þjóðlegri norskri tónlist. Móðir hans kenndi honum píanóleik og fljótlega veitti tónskáldið Ole Bull tónlistarhæfileikum drengsins athygli, en hann var giftur inn í fjölskylduna. Fyrir forgöngu Bulls var Edvard sendur í tónlistarháskólann í Leipzig. Þar var hann samtímamaður margra fremstu tónskálda samtímans, svo sem Arthur Sullivan, Wagner, Clöru Schumann ofl. og naut lifandi tónlistar þeirra.

Eftir dvölinu í Leipzig fluttist hann fyrst til Kaupmannahafnar. Fyrir áhrif frá Gade fór Grieg að skoða þjóðlega norska tónlist, en lengst af ævi hans var Noregur undir erlendri stjórn. Það mun hafa ýtt undir þjóðernishyggju hans.

Grieg kvæntist frænku sinni, söngkonunni Ninu Naderup þrátt fyrir andstöðu fjölskyldunnar. Settust þau að í Osló. Eiginkonan varð honum mikill innblástur og samdi hann mörg lög fyrir hana. Franz Liszt hafði kynnst tónlist Grieg, hvatti hann og bauð honum til sín til Rómar. Sagan segir að þar hafi Grieg sýnt hinu aldna tónskáldi nýjan píanókonsert sinn handskrifaðan og Liszt hafi leikið hann með þokka af handritinu. Grieg sneri aftur til Noregs fullur sjálfstrausts, stofnaði Norsku tónlistarakademíuna og frumflutti Píanókonsertinn.

Annar stórviðburður á frama Griegs varð þegar skáldið Henrik Ibsen fól honum að semja tónlist við leikritið Pétur Gaut, sem hlaut mikla hylli. Grieg varð frægur um alla Evrópu og norska stjórnin veitti honum lífeyri sem gerði honum kleift að hætta

kennslu og helga sig tónsmíðum sínum og kynningu þeirra með tónleikaferðum. Hann ferðaðist til margra landa og hlaut nafnbætur, m.a. við háskólana í Oxford og Cambridge.

Talið er að heilsuleysi Griegs, sem hófst á námsárunum, og mikil, krefjandi ferðalög sem píanóleikara hafi dregið hann til dauða.

Hann er grafinn með konu sinni í grafhvelvingu sem höggvin er í berg nálægt sumarhúsi þeirra að Tröllhaugum, skammt sunnan við Bergen.

<http://www.mfiles.co.uk/composers/Edvard-Grieg.htm>

FRANCISCO JAVIER JÁUREGUI (1974-)

er spænskur en fæddist í Oxford. Hann hóf nám í klassískum gítarleik sjö ára gamall hjá Kenton Youngstrom í Colburn School of Music í Los Angeles í Kaliforníu. Hann fluttist svo til Madríd, þar sem hann lærði hjá Agustín Maruri og Oscar López, en hann sótti einnig námskeið hjá Pepe og Celedonio Romero. Javier lauk síðar *Licenciate Diploma* frá *The Associated Board of the Royal Schools of Music* og meistaraþráðu frá *Guildhall School of Music and Drama* í London. Gítarkennarar hans þar voru Robert Brightmore og David Miller, en hann lærði einnig spuna hjá David Dolan og á tíorbu hjá David Miller.

Javier hefur komið fram á tónleikum, bæði sem einleikari og flytjandi kammertónlistar, á Spáni, Ítalíu, Möltu, Íslandi, í Englandi, Skotlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og Suðaustur-Asíu í tónleikasölum svo sem *St Martin in the Fields*, *Konungshöllinni* í El Pardo á Spáni, *St. James' Palace* og *The Linbury Studio Theatre Covent Garden* í London og *Auditorio Nacional* í Madríd. Hann hefur flutt gítarkonserta eftir Vivaldi og Rodrigo (*Concierto de Aranjuez*) með *sinfóníuhljómsveitinni Schola Camerata* á Spáni og komið fram sem einleikari með *Sonor Ensemble*, en þá hljómsveit skipa hljóðfærarleikarar úr Þjóðarsinfóníuhljómsveit Spánar.

Javier kemur reglulega fram með Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur mezzósópran og Elenu Jáuregui fiðluleikara, en þau Elena mynda *Roncesvalles* dúóið. Javier hefur tekið þátt í verkefnum í tónlistarmenntun á vegum *Wigmore Hall* í London frá árinu 2001. Hann er einn stjórnenda *Festival Internacional de Música de Navarra (FimNa)* á Spáni og kennir klassískan gítarleik við *St. Louis University* í Madríd, þar sem hann er yfirmaður tónlistardeildarinnar.

JOSEPH HAYDN (1732-1809)

fæddist í Rohau í Austurríki 31. mars 1732. Faðir hans var vagnasmiður og vildi að strákurinn yrði prestur. Því var honum komið að sem kórdrengur við St. Stefáns dómkirkjunnar í Vín þegar

hann var átta ára. Þar lærði hann fiðlu- og hljómborðsleik. Þegar hann yfirgaf kórinn fór hann að sjá fyrir sér með kennslu og fiðluleik ásamt því að stunda stíft nám í kontrapunkti og hljómfræði. Hann vakti athygli ítalska óperustextaskáldsins Pietro Metastasio og fyrir hans tilstilli varð hann undirleikari í söngtímum hjá tónskáldinu Nicola Porpora sem í staðinn kenndi honum og hvatti. Árið 1761 fékk hann stöðu sem tónlistarstjóri í höll Esterházy fjölskyldunnar og var þar með kominn í hóp hástéttar Vínarborgar. Eftir það naut hann stuðnings Esterházy ættarinnar lengst af starfsævinnar. Í þessari stöðu eins konar listrænnar einangrunar, en með góðar tekjur, fékk Haydn frelsi til tilrauna og var krafinn um að vera frumlegur. Á efri árum öðlaðist hann alþjóðlega viðurkenningu sem eitt mesta þálfandi tónskáldið. Hann samdi mikilvæg verk af flestum gerðum, og í hinum glæsilegu og innihaldsríku verkum hans vegast á gáski og alvarleiki, venjur og nýbreytni. Hann er talinn faðir sínfóníunnar og samdi 106 sínfóníur, þ.m.t. Lundúnasínfóníurnar 12 (1791-95). Hann innleiddi einnig strengjakvartettinn í tónbókmenntirnar og í dag eru hinir 68 strengjakvartettar hans taldir undirstaða kvartettabókmenntanna. Meðal kórverka hans eru 14 messur og óratóriurnar Sköpunin (1798) og Árstíðirnar (1801). Hann samdi einnig 47 píanósónötur og meira en 125 yndisleg verk fyrir baryton, sem er strokhljóðfæri svipað sellói. Sem einn af upphafsmönnum klassísku stefnunnar hafði hann mikil áhrif á vin sinn, Wolfgang Amadeus Mozart, og nemandan sinn, Ludwig van Beethoven.

<http://www.answers.com/topic/joseph-haydn>

MARIO CASTELNUOVO-TEDESCO (1895 – 1968)

er, fyrir flestum, eitt hinna mörgu gleymdu tónskálda – frá síðustu öld jafnt og öðrum – sem á þó nafn sem hljómar svolítið kunnuglega, kannski af einhverju litlu gítarstykki sem heyrst hefur í útvarpi eða einu sinni á tónleikum. Oft heyrst að þetta og þetta tónskáld sé “of vanmetið” eða “gleymdur meistari”. Flest þessi tónskáld hafa samt umtalsvert gildi, þótt fá þeirra hafi skrifað jafn mikla og fjölbreytilega tónlist, sem hefur strax höfðað til fólks, og hlustendur jafnt og flytjendur verið þakklátir fyrir, og Castelnuovo-Tedesco.

Castelnuovo fæddist og ólst upp í Toskanahéraði á Ítalíu og byrjaði að semja tónlist aðeins níu ára. Tvítugur hóf hann tónsmíðanám. Castelnuovo var góður píanóleikari, bæði sem einleikari, meðleikari og kammertónlistarmaður.

Árið 1938, neyddist Castelnuovo til að flýja Ítalíu vegna vaxandi gyðingahatus og varð Ameríka eftir það dvalarstaður hans. Þar fékk hann fljótt vinnu við að skrifa tónlist fyrir

kvikmyndir fyrir MGM kvikmyndaverið. Hann skrifaði tónlist fyrir yfir 200 kvikmyndir auk þess að finna sér jafnframt tíma til að skrifa konserttónlist. Á tímabili varð hann einn af eftirsóttustu tónsmíðakennurum í Los Angeles. Meðal nemenda hans má nefna John Williams, Henry Mancini og André Previn, en hann hefur sagt að það að vera nemandi Castelnuovo-Tedesco hafi verið nánast nauðsyn til að vera viðurkenndur í kvikmyndaverunum.

Verkaskrá Castelnuovos nær upp í 208 ópusa - að ótöldum verkum án ópusnúmera – þar er að finna óperur, konserta fyrir ýmis hljóðfæri, kammertónlist fyrir margs konar hljóðfærahópa, ballettónlist, óratóriur og kantötur, nær 300 einsöngslög með píanóundirleik auk miklu fleiri með gítarundirleik. Því hefur einnig verið hvíslað að hann hafi skrifað miklu meira af tónlist en hann hafi sett nafn sitt við, þar sem hann hafi oft verið fenginn til að ljúka við kvikmyndatónlist sem önnur tónskáld höfðu gefist upp við að semja, eða ekki haft tíma til að ljúka. Þannig sé hann í hópi þeirra tónskálda sem stundum eru kölluð launtónskáldin.

Ef til vill er ekki svo skrítið að tónlist Castelnuovos hafi ekki náð meiri hylli. Á tíma þegar allt annað en að vera “framsækið” var dauðadæmt í listum, hlýtur hann að hafa virst afturhaldsseggur, (skrifandi laglínur á 5. og 6. áratugnum!) og þess vegna, hvað sem það nú þýðir, ófrumlegur. Nú, þegar laglínan er ekki lengur talin óalandi, á hann skilið að vera enduruppgötvaður og hafinn til virðingar á ný.

Castelnuovo skildi auðvitað þrýsting módernismans eins og kemur skýrt fram í eftirfarandi tilvitnun í viðtal við hann, sem einnig er afar fallett brot úr listrænni játningu hans: “Ég hef aldrei haft trú á módernismanum, eða nýklassíkinni eða neinum öðrum -ismum. Ég held að tónlist sé eins konar mál, sem getur þróast og endurnýjast -og sjálfur held ég að ég hafi tilfinningu fyrir nútímanum og sé þessvegna bara nokkuð nútímalegur-. Tónlistin ætti samt ekki að forðast það sem horfnar kynslóðir lögðu henni til. Öll tjáning, hvaða nafni sem hún nefnist, getur nýst og verið réttlæt看leg, ef hún er notuð á réttu augnabliki og af innri þörf frekar en af duttlungum og tísku. Það einfaldasta er yfirleitt best. Ég held að persónuleiki minn hafi tekið ákveðna stefnu býsna snemma, en það sem ég hef reynt að gera í listrænni þróun minni hefur verið að koma fram eins og ég er klæddur, sem þýðir að vera alltaf einfaldari og beinskeyttari, með öðrum orðum alltaf skýrari og nákvæmari.”

<http://www.composerjohnbeal.com/Mario.html>

SALVATORE SCIARRINO (1947-)

Ítalska tónskáldið Salvatore Sciarrino fæddist í Palermo á Sikiley 4. apríl 1947. Tónlist hans má flokka sem jaðartónlist (avant garde) af klassískum uppruna. Sjálfur segist hann vera fæddur frjáls og ekki inn í neina stefnu tónlistar. Í æsku hneigðist hugur hans til sjónlista en þegar hann var tólf ára fór hann að gera tilraunir með tónlist. Þrátt fyrir nokkra tónlistartíma hjá Antonio Titone og Turi Belfiore, er hann fyrst og fremst sjálfmenntaður sem tónskáld.

Fyrsti opinberi konsert hans var haldinn 1962 en sjálfur telur hann að það sem hann skrifaði fyrir 1966 séu óproskuð byrjendaverk, en eftir það fari persónulegur stíll sinn að birtast.

Að loknu almennu skólanámi og nokkrum árum í háskóla heimabæjarins fluttist hann árið 1969 til Rómar, þar sem hann sótti m.a. námskeið í raftónlist hjá Franco Evangelisti í *Accademia di Santa Cecilia*. Hann flyst svo frá Róm til Mílanó 1977 þar sem hann kenndi við tónlistarháskólann til 1982. Þá hafði vegur hans sem tónskálds vaxið svo að hann gat hætt kennslu og flust til Città di Castello í Umbríu þar sem hann býr enn. Hann hefur engu að síður kennt af og til, m.a. í Flórens, Bologna og Città di Castello.

Verk Sciarrinos eru framúrstefnuleg (avant garde) og hann er þekktur fyrir notkun á einangruðum hljóðum, ýtrustu leiktækni, tíðum þögnum og kaldhæðnislegum og jafnvel ögrandi tilvitnunum í eldri tónlist, (t.d. ameríska popptónlist) eða sögur (eins og Lohengrin). Meðal verka hans eru fjölmörg kammerverk, mörg fyrir blásturshljóðfæri, fimm píanósónötur og fjöldi ópera eða verka fyrir leiksvið, svo sem *Da gelo a gelo*, *Infinito nero*, *Macbeth*, *Perseo ed Andromeda*, *Lohengrin*, og *Luci mie traditrici*. Árið 2006 var hann valinn sem fyrsti verðlaunahafi the new Musikpreis Salzburg.

Eitthvað mjög sérstakt einkennir tónlist Sciarrinos. Hún kallar á öðruvísi hlustun og skapar spennandi nálgun á raunveruleikann og sjálf hlustandans. Og eftir fjörutíu ára tónskáldaferil eru tónsköpunaraðferðir hans enn í eftirtektarverðri skapandi þróun.

<http://www.ricordi.it/composers/s/salvatore-sciarrino/sciarrino/> http://en.wikipedia.org/wiki/Salvatore_Sciarrino

SERGEI PROKOFIEV (1891-1953)

Tónskáldið og píanóleikarinn Sergei Prokofiev fæddist í borginni Sontsovka, nú Krasne, í Úkraínu. Snemma komu í ljós óvenjulegir tónlistarhæfileikar stráksins og móðir hans, sem var góður píanóleikari, hóf að kenna honum píanóleik, strax fjögurra ára.

11 ára gamall stundaði hann sumarlangt tónsmíðanám hjá tónskáldinu Reinhold Glière. Þegar Prokofiev minntist þessa tíma í endurminningum sínum gefur hann Glière góða einkunn sem kennara, en taldi að hann hefði kennt honum "ferkantaða"

uppbyggingu tónhendinga og hefðbundar tónsmíðaaðferðir, sem hann hefði svo þurft að "aflæra" seinna. Engu að síður fór Prokofiev, með þessum nauðsynlegu fræðilegu verkfærum, að gera tilraunir með ómstríða hljóma og óvenjulegar takttegundir í röð stuttra píanóverka sem hann kallaði "skrýtlur" (*ditties*). Með þessu lagði hann grunninn að eigin tónsmíðastíl.

Prettán ára gamall flyst Prokofiev til St. Pétursborgar árið þar sem hann fékk strax skólavist í tónlistarháskólanum. Þar var hann mörgum árum yngri en flestir bekkjarfélaganna, og talinn sjálfhverfur og montinn, þar sem hann lét oft í ljós óánægju með kennsluna, sem honum fannst leiðinleg. Á þessu tímabili kenndu honum margir, m.a Nikolai Rimsky-Korsakov, sem Prokofiev sagði síðar að hefði aðeins kennt sér hljómsveitarsetningu sem rútinu – í mjög fjölmönnum bekkjum – og sá eftir að hafa aldrei haft tækifæri til að "læra" með honum.

Meðan Prokofiev var við nám í St. Pétursborg fór hann að verða þekktur sem tónbyltingur (*musical rebel*) en fékk jafnframt viðurkenningar fyrir frumlegar tónsmíðar sínar, sem hann flutti oft sjálfur á píanó. Hann lauk tónsmíðanáminu árið 1909 með heldur lélegum einkunnum, en hélt áfram náminu í píanóleik.

Árið 1910 deyr faðir hans og þar með var fjárstuðningi hans lokið. Til allrar hamingju var nafn Prokofievs nú orðið nokkuð þekkt fyrir tónsmíðarnar, þótt hann ylli oft hneykslun með framúrstefnulegum verkum sínum. Í þeim notaði hann m.a. óvenjulega fjölröddun, mikla smástigni og ómstríður. Um þetta leyti samdi hann fyrstu tvo píanókonserter sína, en frumflutningur þess síðari í ágúst 1913 olli hneykslan. Ein heimild segir að tónleikagestir hafi yfirgefið tónleikasalinn og óskað þessari framtíðarmúsík til helvítis! "Kettirnir á þakinu gera betri tónlist en þetta!",- en módernistarnir voru í sæluvímu.

Prokofiev fór í sína fyrstu ferð út fyrir Rússland árið 1913, til London og Parísar, þar sem hann komst m.a. í kynni við Rússneska ballettinn og stjórnanda hans, Sergei Diaghilev.

1914 lýkur Prokofiev náminu við tónlistarháskólann með því að taka þátt í píanósamkeppni þar sem fimm bestu nemendur skólans kepptu. Prokofiev vann keppnina með því að flytja píanókonsert sinn nr. 1. Fljótlega eftir það fór hann til London þar sem hann gerði samning við Diaghilev um að semja sinn fyrsta ballett. Þegar Prokofiev sýndi Diaghilev ballettinn hafnaði hann honum, en taldi hann á að semja annan, *Chout*. Samkvæmt leiðsögn Diaghilev notaði hann rússneskar þjóðsögur sem uppistöðu í ballettinn. Sökum reynsluleysis við samningu ballettónlistar þurfti hann að endurskoða verkið oft og endaði með því að endursemjja það í heild, með aðstoð Diaghilev árið 1920.

Frumskýning ballettsins í París í maí 1921 var mikill sigur og vakti mikla aðdáun hjá áheyrendum. Stravinsky kallaði ballettinn "eina nútímatónverkið sem hann gæti hlustað á með ánægju, en Ravel kallaði verkið "snilldarverk."

Rússneska byltingarárið, 1917, varð Prokofiev skapandi tími, en þá skrifaði hann m.a. *Dúr fiðlukonsertinn* og *Klassísku sínfóníuna*. Hann flyst til Bandaríkjanna 1918 og heldur þar sína fyrstu tónleika í nóvember það ár. Þar varð hann mjög umtalaður, bæði dádur en einnig mislíkaður, og oft var þar talað um hann sem "bolsapíanistann" eða "stálfingurna" og fleira í þeim dúr. Þegar óperunni "Ást þriggja appelsína" (*The Love of Three Oranges*) var fálega tekið, en hana hafði Óperan í Chicago pantað árið 1921 hjá Prokofiev, ákvað hann að flytja aftur til Parísar.

Í Rússlandi jókst áhugi á tónlist Prokofievs meðan hann dvaldist erlendis. Honum var boðið að flytjast aftur til Rússlands, en hafnaði því að sinni, en fór í tónleikaferðir þangað 1927 og aftur 1929. Þar var honum ákaflega vel tekið, og þar sem honum fannst Evrópa og Bandaríkin ekki hafa tekið tónlist sinni nógu vel, ákvað hann að snúa aftur til Sovétríkja Stalíns árið 1932. Á næstu árum samdi hann nokkur stórverka sinna svo sem *Lautinant Kijé*, sem var kvikmyndatónlist við "Zarinn sefur", ballettana *Rómeó og Júlíu* og *Öskubusku* og óperuna *Stríð og frið*. Í heimalandi sínu var honum vel tekið og hann heiðraður, þar til stjórn Stalíns beitti Tónskáldanefndinni til að banna mikinn hluta tónlistar hans. Eftir það varð ný tónlist hans að sæta strangri ritskoðun til að "falla að sovéskri tónlistarmenningu og jafnframt að stuðla að þeirri sköpun hágæðatónlistar á öllum sviðum, sem hæfði hinni sovésku þjóð." Sú tónlist sem Prokofiev samdi eftir þetta hefur ekki verið talin mikilvæg í listrænum skilningi, þótt í henni megi sumsstaðar finna ádeilu á hið ríkjandi þjóðskipulag, kænlega falið í textum og uppbyggingu verkanna.

Prokofiev lést úr heilablóðfalli 5. mars 1953, sem einnig var dánardægur Stalíns. Hann bjó þá í Moskvu, skammt frá Rauða torginu, og vegna mannfjölda sem kom til að votta hinum látna þjóðhöfðingja virðingu sína, reyndist erfitt að koma líki Prokofievs frá heimili hans til grafar. Hann var grafinn í sama kirkjugarði og Scriabin og Chekov.

http://en.wikipedia.org/wiki/Sergei_Prokofiev
<http://www.balletmet.org/Notes/Prokofiev.html>